



## Jólaverslun fer vel af stað

*Greiðslukortavelta Íslendinga jókst milli ára í nóvember, bæði erlendis og í verslunum innanlands.*

Velta innlendra greiðslukorta jókst um 2,4% að raunvirði milli ára í nóvember. Velta í verslunum hér á landi jókst um 2,1% milli ára miðað við fast verðlag og 3,6% í viðskiptum erlendis miðað við fast gengi.

Kortavelta erlendis eykst á sama tíma og utanlandsferðum fækkar sem vekur athygli. Ef til vill eru Íslendingar duglegri nú en oft áður að nýta sér erlendar netverslanir og láta senda heim fyrir jólin. Stórir afsláttardagar á borð við „Singles' day“ og „Black Friday“ hafa notið vinsælda erlendis, jafnt sem innanlands, og hrundið af stað jólaverslun margra í nóvember. Gæti það hafa ýtt undir verslunargleði Íslendinga sem var ögn meiri í nóvember í ár en í fyrra.

### Einkaneysla jókst á þriðja ársfjórðungi


Líkt og við greindum frá [í síðasta mánuði](#) voru ýmis teikn á lofti um að kraftur gæti færst í einkaneyslu á seinni hluta árs. Velta smásöluverslana hafði aukist talsvert í júlí og ágúst, ásamt því sem innflutningur á neysluvörum í september var meiri en í fyrri mánuðum ársins. Það reyndist vera réttmætur grunur því einkaneysla jókst um 2,1% milli ára á þriðja ársfjórðungi, sem var meiri vöxtur en á öðrum ársfjórðungi, þegar hann mældist 1,6%.

Þó þetta sé lítil vöxtur samanborið við síðustu ár, er þetta engu að síður vöxtur og þar að auki meiri en á síðasta ársfjórðungi. Vísendingar eru því um að staðan sé að mörgu leyti nokkuð góð og útlit fyrir ágætis jólavertið kaupmanna.

### Færri utanlandsferðir fyrir jólin, engu að síður mikið verslað


Brottfarir Íslendinga um Leifsstöð voru hátt í 47.000 talsins í nóvember og voru 9% færri en fyrir ári síðan. Fjöldi flugferða í nóvember í ár er mjög svipaður því sem mældist í nóvember 2016, en þá voru utanlandsferðir Íslendinga óvenjumargar samanborið við meðaltal þess árs. Íslendingar hafa síðustu ár verið duglegir að ferðast og þó samdráttur

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis  
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Einkaneysla




Ársfjórðungsleg gögn. Heimild: Hagstofa Íslands



mælist í ár eru brottfarir engu að síður nokkuð margar í sögulegu samhengi.


Gera má ráð fyrir því að utanlandsferðir í nóvember séu af mörgum hugsaðar sem verslunarferðir fyrir jólin og voru þær sérstaklega áberandi árið 2007 þegar brottfarir í nóvember voru rúmlega 2% fleiri en meðalbrottfarir þess árs. Flugferðir í nóvember drógust svo hressilega saman árið 2008, eða um tæp 60%, en hefur fjölgað stöðugt milli ára síðan, þar til í fyrra. En þrátt fyrir samdrátt í flugferðum er kortavelta erlendis, eða í gegnum erlendar netverslanir, engu að síður nokkuð myndarleg.

### Brottfarir Íslendinga um Leifstöð



Heimild: Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

### Brottfarir Íslendinga um Leifstöð



Heimild: Ferðamálastofa, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.